



Héraðsskjalasafn Dalasýslu



Samband breiðfirzkra kvenna

Stofnfundur Sambands breiðfirzkra kvenna var haldinn 19. júní 1933 á Hellissandi. Þar mættu fulltrúar frá fjórum kvenfélögum, Hellissandi, Breiðuvík, Eyrarsveit og Helgafellssveit. Kvenfélögin í Saurbæjarhreppi, Fellsströnd, Hvammssveit, Miðdölum og Staðarsveit óskuðu eftir aðild þótt þau gætu ekki sent fulltrúa.

Í fyrstu stjórn sambandsins voru kosnar Ingveldur Á. Sigmundsdóttir formaður, Guðrún Eiríksdóttir gjaldkeri og Jóhanna Vigfúsdóttir ritari.

Á stefnuskrá félagsins var að efla samvinnu um félagsmál kvenna, húsmæðrafræðslu, heimilisiðnað, garðrækt og taka þátt í velferðarmálum heimilanna. Sambandið lagði mikla rækt við heimilisiðnað, matreiðslu og garðrækt. Húsmæðraskólinn á Staðarfelli var sjö ára gamall þegar sambandið var stofnað og hlúði sambandið að honum eftir megni.

Starfsvæðið var frá Barðastrandarsýslur frá Skor, Dalir, norðanvert Snæfellsnes, auk Breiðavíkur og Staðarsveitar. Síðar bættust við Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Árið 1965 skiptist sambandið í tvennt. Kvenfélög á Snæfellsnesi stofnuðu þá sérstakt samband.

Skjalaskrár

Fundargerðarbók 1933-1944.

Fundargerðarbók 1945-1965.

Fundargerðarbók 1966-1985.

Framkvæmdanefnd minnismerkis á Krosshólaborg

Einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl, ljósmyndir eða muni tengda félaginu er bent á að hafa samband við héraðsskjalavörð til að koma þeim í örugga vörslu og veita aðgang að þeim.

Heimildir

Ingibjörg Árnadóttir, Kristín B. Tómasdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir. 1973. Samband Breiðfirzkra kvenna 40 ára.